

Ed.

479. Frumvarp til laga

[273. mál]

um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla. Leyfi til reksturs skal bundið við ákveðin landsvæði, m.a. með hliðsjón af samgöngum, fjarlægðum milli verstöðva og fjölda fiskvinnslufyrirtækja.

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar skal veitt til eins árs í senn og er leyfishafa jafnframt skylt að reka markað allt leyfistímabilið.

2. gr.

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hafa íslenskan ríkisborgararétt og hafa haft fasta búsetu á Íslandi s.l. tvö ár.
- b. Eru fjárráða.
- c. Hafa forræði á búi sínu.

Enn fremur má veita hlutafélögum leyfi til reksturs enda sé allt hlutaféð í eign íslenskra ríkisborgara, sbr. 11. gr. 1. nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

3. gr.

Lög nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, og reglur settar með stoð í þeim lögum gilda um húsnæði og búnað uppboðsmarkaðar og meðferð afla eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Áður en rekstur uppboðsmarkaðar hefst skal leyfishafi leita samþykkis ráðherra á reglum um starfsemi markaðarins. Aðeins er heimilt að breyta reglum um starfsemi uppboðsmarkaðar með samþykki ráðherra.

5. gr.

Þeim aðilum, sem leyfi hafa til reksturs uppboðsmarkaðar, er skylt að láta liggja frammi yfirlit yfir selt aflamagn hvers dags, kaupendur þess og verð. Skulu þeir daglega senda Fiskifélagi Íslands afrit af þessu yfirliti.

Þá er skylt að senda opinberum aðilum, sem þess óska, skýrslu um seljendur afla, aflamagn, kaupendur og verð.

6. gr.

Leyfishafar skulu standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljenda og sjá um skil á greiðslum skv. ákvæðum II. kafla 1. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Leyfishafi skal krefjast greiðslutryggingar af kaupanda sé ekki um staðgreiðslu að ræða.

Við skiptingu greiðslna samkvæmt þessari grein skal miða við uppboðsandvirði að frádregnum beinum kostnaði af uppboðinu.

7. gr.

Um sjávarafla, sem seldur er á uppboðsmarkaði, gilda ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

8. gr.

Leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs og skal hann hafa löggildingu til starfans. Sjávarútvegsráðherra veitir löggildingu.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987 og gilda til 31. desember 1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sjávarútvegsráðherra skipaði 9. apríl 1986 sjö manna nefnd, er skyldi kanna möguleika á stofnun fiskmarkaðar. Yrði niðurstaða könnunarinnar jákvæð, skyldi nefndin jafnframt athuga, hvort einhverjir aðilar væru tilbúnir til að leggja fram fé til stofnunar og reksturs tilraunamarkaðar með fisk. Í nefnd þessa voru skipaðir: Gunnlaugur M. Sigmundsson, formaður, Ágúst Einarsson, Gísli Jón Hermannsson, Guðjón A. Kristjánsson, Halldór Árnason, Óskar Vigfússon og Ríkharð Jónsson.

Nefndin hélt fjölmarga fundi og skilaði hún greinargerð í september s. l. Í greinargerð nefndarinnar er lagt til að „komið verði upp tilraunafiskmarkaði þar sem verðmyndun verði frjáls og ráðist m. ö. o. af ferskleika og gæðum ásamt framboði og eftirspurn hverju sinni.“ Fylgir greinargerð nefndarinnar hér sem fylgiskjal I.

Í framhaldi af athugun nefndarinnar og þeim umræðum, sem fylgt hafa í kjölfar hennar, hefur í ráðuneytinu verið samið frumvarp til laga um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla. Verði ráðist í tilraun með frjálsan markað er óhjákvæmilegt í ljósi hins víðtæka áhuga er virðist vera fyrir stofnun fiskmarkaða, að hafa stjórn á því hversu margir markaðir verði settir á fót og hvernig þeir starfi. Vegna gildandi ákvæða um lágmarksverð og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins verður ekki hjá því komist að setja sérákvæði um þá þætti, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Með lögum nr. 43 4. júní 1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, var sú breyting gerð, að Verðlagsráði var heimilað að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa, ef sérstaklega stæði á að mati ráðsins, enda væri um það einróma samkomulag í ráðinu. Seljendur hafa nokkrum sinnum lagt fram óskir um frjálst fiskverð í Verðlagsráði, einkum vegna verðlagningar á humri, síld og loðnu, en ekki hefur náðst um það samkomulag fyrr en á síðastliðnu sumri er verð á loðnu var gefið frjálst. Verður að telja að frjáls verðlagning hafi þar tekist allvel. Vegna ólíkra aðstæðna virðist þó frjáls verðlagning á ýmsum öðrum tegundum sjávarafla varla vera framkvæmanleg nema afli sé fluttur á uppboðsmarkað. Hér má og benda á, að breyting sú, sem gerð var á sjóðakerfi sjávarútvegsins á síðasta vori, hefur einfaldað framkvæmd frjálsrar verðlagningar.

Sérstök athygli er vakin á, að hér er um tilraun að ræða. Gildistími laganna verður aðeins tvö ár ef frumvarp þetta nær fram að ganga. Á þessum tíma gefst svigrúm til að kanna áhrif þessarar breytingar þ. á m. hvað varðar flutning afla milli verstöðva og framhald þessarar tilraunar í ljósi fenginnar reynslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein þarf sérstakt leyfi ráðherra til að koma á fót og reka uppboðsmarkað og bindur ráðherra leyfið við ákveðin svæði. Ákvæði þetta er sett til þess að mögulegt sé fyrst um sinn að hafa áhrif á fjölda markaða og staðsetningu þeirra. Við ákvörðun um staðsetningu markaðar tæki ráðherra m. a. tillit til þeirra atriða sem nefnd eru í 1. mgr. Enda þótt 1. mgr. kveði á um, að ráðherra bindi rekstur við ákveðin landsvæði felst ekki í því, að skip af öðrum landsvæðum geti ekki landað á tilteknum markaði, heldur er þessu ákvæði fyrst og fremst ætlað að tryggja að á meðan þessi tilraun fer fram verði fiskmarkaðir ekki settir á stofn of víða.

Í 2. mgr. segir, að leyfi skuli aðeins veitt til árs í senn og ákvæði þetta sett í því skyni, að starfsemi hvers markaðar fái endurskoðun árlega.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru sett þau skilyrði sem einstaklingar og hlutafélög þurfa að fullnægja til þess að fá leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar. Skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt einstaklings og um að allt hlutafé hlutafélags sé í eign íslenskra ríkisborgara, eru hin sömu og gilda um rekstur fiskvinnslu á Íslandi skv. lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi. Jafnframt eru hér ákvæði um fasta búsetu einstaklinga á Íslandi s. l. tvö ár, fjárræði hans og forræði á búi, sem verður að telja eðlileg skilyrði til slíks reksturs.

Um 3. gr.

Á uppboðsmarkaði fer fram geymsla og meðhöndlum á fiski og þykir því eðlilegt, að sömu reglur gildi þar um húsnæði, hreinlæti og meðferð afla og gilda í fiskvinnsluhúsum, eittir því sem við á.

Um 4. gr.

Um starfsemi hvers einstaks markaðar verður að setja sérstakar reglur, t. d. hvenær skip þurfi að tilkynna afla á markað, hvenær landað skuli og reglur um framkvæmd uppboðs sjálfs. Slíkar reglur geta verið mismunandi eftir mörkuðum og er því hér gert ráð fyrir að leyfishafi geri ráðherra grein fyrir þessum og fleiri atriðum, sem að starfseminni lúta og leiti samþykkis hans. Jafnframt þyrfti ráðherra að samþykkja breytingu á reglum, sem hann hefði áður staðfest.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lögð almenn upplýsingaskylda á rekstraraðila uppboðsmarkaðar. Nauðsynlegt er bæði fyrir kaupendur og seljendur að geta aflað sér allra upplýsinga sem fyrir liggja um verð og aflamagn. Skylda til skýrsluskila til Fiskifélags Íslands og opinberra aðila er sett m. a. til að tryggja eftirlit með aflakvótum og eins vegna skila til greiðslumiðlunarkerfisins.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er sú leið farin að láta rekstraraðila markaðar standa skil á uppboðsandvirði til seljanda og á greiðslum samkvæmt ákvæðum laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, í stað kaupanda eins og er hin almenna regla. Að vísu mætti skipa þessu með sama hætti í báðum tilvikum en þetta ákvæði er í samræmi við tillögur fiskmarkaðsnefndarinnar.

Í 3. mgr. er lagt til að greiðslur vegna greiðslumiðlunar innan sjávarútvegsins skuli miðast við uppboðsandvirði að frádregnum kostnaði af uppboðinu. Þetta er undantekning frá ákvæðum laga nr. 24/1986, en samkvæmt þeim er hin almenna regla sú, að greiðslur skuli miðast við hráefnisverð ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins, en við sölur erlendis við brúttó verðmæti afla.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að á uppboðsmarkaði gildi ekki lágmarksverð þau sem ákveðin eru af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Gæði fersks fisks, framboð og eftirspurn eiga hér að ráða verði og því getur það farið niður fyrir það verð sem Verðlagsráð ákveður, sé fiskur lélegur eða aðstæður slíkar, að framboð sé meira en eftirspurn.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ákveðnir aðilar stjórnri uppboðum og að þeir þurfi til þess sérstaka löggildingu ráðherra. Þykir þessi háttur heppilegur m.a. til þess að koma uppboðum í ákveðna fasta skipan, eins og tíðkast á uppboðsmörkuðum erlendis.

Um 9. gr.

Parfnast ekki skýringa umfram það sem áður er sagt í almennum athugasemdum.

Fylgiskjal I.

Fiskmarkaður.

1. Inngangur.

Hinn 9. apríl s. 1. skipaði sjávarútvegsráðherra Halldór Ásgrímsson nefnd sjö manna er hafa skyldi það hlutverk að kanna möguleika á stofnun fiskmarkaðar og ef niðurstaða nefndarinnar yrði jákvæð, að leita þá eftir því hvort til væru aðilar, er tilbúnir væru til þess að leggja fé í stofnun og rekstur tilraunamarkaðar með fisk. Í nefndina voru skipaðir: Gunnlaugur M. Sigmundsson formaður, Ágúst Einarsson, Gísli Jón Hermannsson, Guðjón A. Kristjánsson, Halldór Árnason, Óskar Vigfússon og Ríkarð Jónsson. Nefndin hefur haldið fjölmarga fundi og rætt hinar ýmsu hliðar málsins, bæði þann hag sem telja má að allir málsaðilar muni hafa af tilkomu fiskmarkaðar, sem og ýmis þau vandamál sem fyrirjáanlega koma upp við stofnun og rekstur fiskmarkaðar. Að vel athuguðu máli hefur nefndin komist að eftirfarandi niðurstöðu.

2. Niðurstaða.

Nefndin leggur til, að komið verði upp tilraunamarkaði með fisk, þar sem verðmyndun verði frjáls eða ráðist m. ö. o. af ferskleika og gæðum ásamt framboði og eftirspurn hverju sinni. Nefndin boðar því til stofnunar hlutafélags um rekstur fiskmarkaðar og leggur fram eftirfarandi greinargerð í því sambandi.

3. Staðsetning fyrsta fiskmarkaðarins.

Þau atriði sem einkum skipta máli við val staðsetningar á fyrsta fiskmarkaðinum sem komið er á fót eru:

Fjöldi hugsanlegra fiskkaupenda og fiskseljenda sé í nálægð markaðarins.

Góðar samgöngur að og frá markaði.

Hafnaraðstaða og gott húsnæði á hafnarbakka sé til staðar.

Nokkur landsvæði uppfylla öll þessi skilyrði t. d. Faxaflóasvæðið, Vestmannaeyjar og Eyjafjarðarsvæðið. Forsvarsmenn þriggja sveitarfélaga höfðu samband við nefndina og lýstu áhuga sínum á því að fá markaðinn staðsettan í viðkomandi sveitarfélög. Þessir aðilar voru hafnarstjórn Reykjavíkurhafnar, bæjaryfirvöld í Hafnarfirði og bæjarstjórn Dalvíkur. Eftir að hafa skoðað ýmsa kosti er það samdóma álit nefndarinnar að sá markaður sem hún boðar til stofnunar félags um, verði staðsettur á Faxaflóasvæðinu þ. e. markaðssvæði sem miðist við svæðið frá Þorlákshöfn og vestur um til Akraness.

Sá afli sem skipað er upp á þessu svæði, annar en síld og loðna, skiptist þannig á verstöðvar árið 1985:

	Tonn
Þorlákshöfn	23.079
Grindavík	21.545
Hafnir	751
Sandgerði	19.449
Garður	10.669
Keflavík	20.285
Njarðvík	3.861
Vogar	2.771
Hafnarfjörður	17.592
Kópavogur	1.946
Reykjavík	44.408
Akranes	18.393
Samtals	184.749

Af þessu aflamagni var togarafiskur um 87.000 tonn, þar af 37.200 í Reykjavík, 10.000 tonn í Hafnarfirði og um 14.000 tonn á Akranesi.

4. Fyrirkomulag.

Gert er ráð fyrir að fiskmarkaðurinn flokki fiskinn eftir tegundum og stærðum í 90 lítra fiskkassa, er verði eign fyrirtækisins. Það er ein forsenda þess, að fiskmarkaður hafi gildi fyrir alla kaupendur, að fiskur verði seldur í afmörkuðum stærðarflokkum. Einnig er það hagkvæmisatriði að flokka fiskinn eftir ástandi hans þannig að sambærilegur fiskur sé í hverri kassastæðu.

Móttaka, flokkun og uppröðun.

Gert er ráð fyrir að 1 til 2 lyftarar taki við fiskinum og stafli kössunum við færiband er flytur þá að flokkunarbandinu. Þar standa 2 menn við enda hvers bands og hella úr kössum á sérstakt band er afísun fer fram á. Kassarnir renna til baka á færibandi og er strax skilað. Úr afísun fer fiskurinn á flokkunarbandið. Þessar línur geta verið mismargar. Þyrftu þær sennilega að vera tvær strax í byrjun og þrjár á næsta stigi. Er það til að koma mismunandi tegundum í gegn samtímis. Lengd bandanna fer eftir því magni er þau skulu afkasta. Tómir kassar renna eftir færibandi meðfram flokkunarbandinu og er rennt í þá gegnum rennu, sem fiskinum er hent í. Fylltir kassar fara yfir vog þar sem starfsmenn standa og jafna í kössum og endurísa. Þaðan færir lyftari kassana í 2 × kassa stæðum til uppboðsstaðarins. Þegar fiskurinn hefur verið seldur er hann strax afhentur kaupanda.

Einnig er hugsanlegt að markaðurinn þróað hluta til þannig að áhöfn skips stærðarflokki sjálf fiskinn, dagmerki og bjóði til sölu án frekari flokkunar.

Gert er ráð fyrir, að markaðurinn starfi fimm daga vikunnar. Móttaka eða löndun gæti hafist snemma að morgni, en uppboðið sjálft fari fram síðari hluta dags. Afhending fisks fari fram strax að loknu uppboði, eða samhliða uppboðinu ef aðstæður leyfa. Mikilvægt er að finna þann tíma fyrir uppboðið sem er hagkvæmastur bæði fyrir veiðar og vinnslu með tilliti til skipulags verka og ástands hráefnis.

Ljóst er, að mikið er í húfi, að sú starfsemi sem fram fer á markaðinum lengi ekki þann tíma sem líður frá því að fiskur kemur að landi uns hann er kominn í vinnslustöð. Hluti þeirrar starfsemi sem tengist markaðinum þarf því að fara fram utan hinna hefðbundnu dagvinnutímamarka. Þetta á einkum og sér í lagi við flutning á fiski frá markaði í vinnslustöð, móttöku á fiski í vinnslustöð og e. t. v. að nokkru leyti einnig um uppskipun á fiski. Vegna þeirra takmarkana sem sum verkalýðsfélög leggja á heimild til vinnu utan dagvinnutíma, er þetta atriði hlutur sem forsvarsmenn fiskmarkaðar, ef stofnaður verður, þurfa að leysa í góðri samvinnu við viðkomandi verkalýðsfélög.

Gert er ráð fyrir því að seljendur sem hafi fisk umfram ákveðið lágmarksmagn, þurfi að tilkynna sig inn á markaðinn með nokkurra daga fyrirvara. Hversu langur tími verður talinn nauðsynlegur eða hvaða aflamagn verður miðað við, sem skilyrði fyrir skráningu, liggur að sjálfsgöðu ekki ljóst fyrir fyrr en markaðurinn tekur til starfa og fyrir liggur hvaða rými og aðstæður verða fyrir hendi. Hinsvegar má með nokkurri vissu segja, að togarar muni þurfa að tilkynna væntanlegt aflamagn og líklega samsetningu afla sem fara eigi á markaðinn með allt að fimm daga fyrirvara.

Væntanlegir kaupendur á markaðinum munu þannig geta séð hvert verður lágmarksframboð á fiski nokkra daga fram í tímann. Hvorki seljendur né kaupendur vita hinsvegar endanlegt magn sem boðið verður upp fyrr en stuttu fyrir uppboð. Uppboðið sjálft fer fram með þeim hætti, að ákveðið magn af hverri tegund er tekið fyrir í einu, t. d. 100 kassar og er óskað eftir boði í kíló af þeim fiski sem er í umræddum kössum. Hæstbjóðandi velur síðan hve mikið magn hann tekur á þessu verði, þ. e. lágmarkseiningu, (einn eða tveir kassar) alla 100 kassana eða eitthvað þar á milli. Taki hæstbjóðandi ekki alla þá kassa sem upp eru boðnir í einu, er byrjað aftur og boðið upp kílóverð á þeim fiski sem eftir er í viðkomandi stæðu.

Ef fiskurinn ekki selst á uppboði eða er dæmdur óhæfur til neyslu áður en að uppboði kemur, eru nefndarmenn sammála um að sami háttur verði á hafður og erlendis, þ. e. að litarefni verði sprautað yfir fiskinn og hann seldur í „gúanó“. Seljendur sem sjá fram á að fiskur seljist ekki geta látið bjóða fyrir sig í fiskinn og keypt hann þannig aftur gegn greiðslu uppboðslauna, en ekki er gert ráð fyrir að sami fiskur fari nema einu sinni á uppboð. Þó er seljanda heimilt að tilkynna fyrirfram að hann leysi til sín fiskinn ef boð fer ekki yfir ákveðið verð. M. ö. o. þá yrðu seljendur að losa sig við þann fisk sem þeim sjálfum væri sleginn með öðrum hætti en selja hann aftur á markað.

Gísli J. Hermannsson hefur í nefndarstarfinu sett fram það sjónarmið, að lágmarksverð þurfi að vera á fiski sem fer á markað og ennfremur að seljist fiskur ekki á slíku lágmarksverði skuli fiskurinn sendur í bræðslu. Þá telur Gísli að ef sýnt sé að tilraunin með fiskmarkað takist, verði næsta skref að vera að lögbjóða að allur fiskur fari á uppboðsmarkað.

Fiskmarkaðurinn gerir upp við seljendur, innheimtir uppboðsandvirði hjá kaupendum og sér jafnframt um skil á lögboðnum gjöldum. Af þessum sökum má ljóst vera, að verulegt fjármagn mun fara um markaðinn. Markaðurinn þarf að tryggja sig fyrir því, að greiðsludráttur verði ekki hjá kaupendum. Krafist verður því trygginga af þeim sem óska heimildar til að bjóða fisk á markaðinum. Stjórn markaðarins mun setja skilyrði þau er krafist verður vegna trygginga sem og önnur skilyrði er sett kunna að verða fyrir því að menn megi bjóða í fisk t. d. íslenskur ríkisborgararéttur svo eitthvað sé nefnt.

5. Rýmisþörf.

Reynt hefur verið að meta það húsrými og almennt athafnarými sem fiskmarkaður þurfi að hafa. Þá hefur og hafnarstjórn Reykjavíkur látið kanna hvað umferðarpungi kringum hafnarsvæðið í Vesturhöfninni í Reykjavík ykist væri uppboðsmarkaður staðsettur þar. Niðurstöður hafnarstjórnar verða ekki raktar hér, en í stuttu máli má segja að þær sýni að auk húsnæðis þurfi fiskmarkaður rúmt athafnasvæði utanhúss vegna þeirra flutningatækja sem flytja fiskinn frá uppboði í vinnslustöð og eru í flestum tilvikum að athafna sig á sama tíma. Hið mikla magn sem líklegt er að fari að og frá markaðinum á tiltölulega skömmum tíma getur og skapað visst umferðarvandamál ef ekki er tekið mið af þeirri staðreynd þegar staðsetning markaðarins er ákveðin. Stærð húsrýmis fyrir markaðinn ræðst einkum af tvennu. Því magni sem fer um markaðinn á degi hverjum og þó einkum og sér í lagi þeim kröfum sem gerðar verða til þess hve mikið af fiski verði sýnt án fyrirhafnar hverju sinni, þ. e. hvort látið verður nægja að kaupendur sjái sýnishorn þess sem bjóða á upp eða hvort dreifa þurfi úr öllum þeim fiskkössum sem upp verða boðnir. Næsta ljóst virðist, að í byrjun verði síðari kostinum ekki við komið sakir þess hve sá kostur kallar á mikið húsrými.

Reynt hefur verið að meta rýmisþörf einstakra þátta. Í meginatriðum er um að ræða rýmisþörf fyrir eftirfarandi þætti:

Aðstöðu fyrir móttöku og flokkun.

Aðstöðu fyrir kassageymslu.

Aðstöðu fyrir uppboðið, þ. e. uppröðun á fiskkössum.

Aðstöðu fyrir tæki, svo sem lyftara.

Aðstöðu fyrir skrifstofu.

Móttaka og flokkun.

Gert er ráð fyrir að fiskkössum sé raðað á einfalt færiband er færi þá að handflokkunarbandi. Þegar markaðurinn er kominn í fullan rekstur, verður að gera ráð fyrir a. m. k. 3 flokkunarflinum, misstórum eftir fiskmagni. Kostur handflokkunar er, að samtímis er auðvelt að gæðaflokka fiskinn. Má ætla að 200 m² verði fullnægjandi í endanlegu fyrirkomulagi miðað við að 240 tonn fari í gegn á dag.

Kassageymsla.

Heppilegt er að hún verði við hliðina á móttökunni. Miðað er við að 5000 kassar verði fyrir hendi, til að rúma 240 tonn. Hver kassi tekur 55 kg, af ísuðum fiski og reiknað er með að 12 kassar verði í stæðu. Telja má 240 m² fullnægjandi við fullt umfang. Fermetraþörf minnkar við minni rekstur, en þó ekki hlutfallslega, vegna athafnarýmis.

Sölurými.

Gert er ráð fyrir að 6 kassar verði í hverri stæðu. Miðað er við að heppileg plássnýting verði 40% við 100 tonna aflamagn. Þannig þarf 750 m² ef 100 tonn eru boðin upp á dag, en 1.200 m² ef 240 tonn fara um markaðinn á dag.

Tæki o. þ. h.

Reiknað er með að tæki svo sem lyftarar séu geymd í sölurými þegar þau eru ekki í notkun.

Skrifstofuaðstaða.

Frá 50 m² í byrjun, upp í 150 m² að meðtalinni hreinlætisaðstöðu.

6. Fyrsti áfangi. Tilraunamarkaður og fiskmiðlun eða stærri markaður?

Nefndin hefur gert ráð fyrir því, að ef farið væri af stað með fiskmarkað, þá yrði um tilraunamarkað að ræða í byrjun þar sem samhliða hefðbundnu uppboði mætti koma á skipulegri fiskmiðlun, bæði til að auðvelda hin óformlegu skipti á fiski, sem er við lýði í dag, sem og til að starfsmenn fái þjálfun í samskiptum við fiskseljendur og fiskkaupendur áður en veruleg umsvif yrðu á markaðinum.

Nefndarmenn hafa reynt að meta hve umfangsmikill slíkur tilraunamarkaður þyrfti að vera til þess að ná hvoru tveggja þ. e. nægjanlega stórri rekstrareiningu til þess að tilraunin geti borið sig fjárhagslega og jafnframt að halda tilkostnaði og rýmisþörf í lágmarki.

Eftirfarandi kostir hafa verið skoðaðir í þessu sambandi:

A. 60 tonna markaður.

Hér er miðað við 60 tonna hámarksafkastagetu á dag. Ekki er miðað við að markaðurinn sæi um löndun afla, heldur myndu seljendur skila fiskinum við móttökudyr. Líklegt er að ef þessi leið yrði valin, þá yrðu það mest smábátaeigendur sem settu fisk á markaðinn, en einnig yrði „skiptimarkaður“ vinnslustöðvanna verulegur hluti af veltu markaðarins. Markaðurinn mundi þegar í upphafi starfa á sama grundvelli og stærri markaður sem hefði í för með sér umtalsverðan stofnkostnað, svo sem yfirstjórn og tækjabúnað sem ekki nýttust að fullu borið saman við stærri einingu, þó svo að spara mætti í húsrýmisþörf.

Þegar í upphafi þyrfti að ráða 4 fasta starfsmenn þ. e. framkvæmdastjóra, uppboðshaldara, sem einnig væri verkstjóri við flokkun og uppröðun, starfsmann við síma og talstöð er annast móttöku og e. t. v. miðlun og skrifstofumann er annast reikningshald.

Til þess að reka slíkan markað þarf að lágmarki um 330 m² gólfpláss fyrir móttöku, kassageymslu og uppröðun til uppboðs (150 m² móttaka og kassageymsla og 180 m² fyrir uppboðið).

B. Markaður sem afkastaði frá 100 til 240 tonnum á dag.

Þótt margt mæli með því að einungis sé ráðist í stofnun 60 tonna markaðar í byrjun, er þó margt sem bendir til að það dæmi gangi illa upp fjárhagslega og að lágmarksstærð þurfi að vera á bilinu 100 til 200 tonn ef markaðurinn eigi að geta borið sig. Sé miðað við að 100 tonn fari um markaðinn á degi hverjum og þegar í upphafi sé komið á framtíðarskipulagi, þarf um 1.100 m² af gólfplássi, en um 1.650 m² ef 240 tonn fara um markaðinn á dag. Geti má þess, að það er skoðun margra þeirra er nálægt máli þessu hafa komið, að ef tilraunin eigi að takast þurfi þegar í upphafi að miða við að umtalsvert magn, eða ca. 200 tonn fari um markaðinn á degi hverjum. Miðað við 250 rekstrardaga, væri slíkt magn um 27% af heildaraflamagni Faxaflóasvæðisins eins og það er skilgreint hér að framan (þ. e. 185.000 tonn).

7. Stofnkostnaður.

Reynt hefur verið að nálgast hve mikill stofnkostnaður þeirra þriggja kosta sem nefndir eru hér að framan yrði. Verða þær niðurstöður raktar hér á eftir sem og reynt að gera lauslega grein fyrir þeim stofnbúnaði sem útvega yrði áður en starfræksla hæfist. Í sumum tilvikum má e. t. v. lækka stofnkostnað í upphafi með því að leigja einstök tæki, í stað afskrifta og vaxta kæmu þá útgjöld vegna leigu. Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir að húsnæði fái frá viðkomandi hafnar- eða sveitarstjórnnum svo ekki þurfi að ráðast í húsbýggingu í upphafi. Tekið skal fram að um mjög grófa nálgun er að ræða.

A. 60 tonna markaður.

Flokkunarfæribönd	2 stk
Rafmagnslyftarar	2 stk
90 lítra kassar	2100 stk
Vogir	
Skrifstofubúnaður þ. m. t. sími, talstöð o. fl.	
Undirbúningskostnaður	
Nauðsynleg breyting húsnæðis	
Samtals	6.500.000

B. b.1. Afkastageta 100 tonn.

3 flokkunarfæribönd	
3 lyftarar	
4000 90 lítra kassar	
Vogir	
Skrifstofubúnaður, sími, talstöð o. fl.	
Undirbúningskostnaður	
Nauðsynleg breyting húsnæðis	
Samtals	11.000.000

b.2. Afkastageta 240 tonn.

3 flokkunarfæribönd	
4 lyftarar	
5000 90 lítra kassar	
Vogir	
Skrifstofubúnaður, sími, talstöð o. fl.	
Undirbúningskostnaður	
Nauðsynleg breyting húsnæðis	
Samtals	12.500.000

8. Tekjuöflun — Rekstrarkostnaður.

Við útreikning á væntanlegum tekjum fiskmarkaðar hafa nefndarmenn byggt á sama fyrirkomulagi og gildir um uppboð á fiski í nálægum löndum. Uppskipun og meðhöndlun á afla frá skipshlið að móttökudyrum markaðar greiðist samkvæmt reikningi eða með svipuðu sniði og nú er. Sá hluti rekstrarkostnaðar á þannig að vera gerður upp á núlli og er því ekki tekinn með inn í rekstrardæmið eins og það er sett upp hér á eftir.

Á þeim fiskmörkuðum sem Íslendingar þekkja best, er til viðbótar við uppskipunar- og meðhöndlunarkostnað greidd 4% uppboðslaun til að mæta kostnaði við uppboðið sjálft. Hefur verið miðað við þá tölu hér, en jafnframt er á það bent að á þeim markaði sem hér er rætt um, fer fram mun viðameiri starfsemi en á mörkuðum erlendis, þ. e. fiskurinn er flokkaður mun meira og sparast því sú vinna hjá vinnslustöðvum. Líklegt er því að vinnslustöðvar telji sig geta greitt herra verð fyrir flokkaðan fisk. Hitt getur þó verið, að aukakostnaður markaðarins af þessum sökum verði það mikill að 4% uppboðslauna séu of lág. Til að nálgast „líklegt“ rekstrardæmi má hafa eftirfarandi tölur til hliðsjónar.

Miðað er við móttöku á 60 tonnum á 8 klst. Gera má ráð fyrir að kostnaður hækki síðan að mestu í hlutfalli við magn það sem um markaðinn fer.

Mannaflanotkun:

Lyftari: 2 menn í 12 klst. =	24 klst.
Flokkun: 2 menn í 8 klst. =	16 klst.
Helling: 2 menn í 8 klst. =	16 klst.
Vigtun, jöfnun og merking: 2 menn í 8 klst. =	16 klst.
Aðstoð við uppboðshald og frágang: 2 menn í 6 klst. = ...	12 klst.
Samtals	84 klst.

Lyftarar:

2 lyftarar, sem fyrst eru notaðir hvor við sinn enda móttöku og við afhendingu fisks að loknu uppboði.

Rekstraráætlun miðað við eitt ár, 250 rekstrardagar.

Beinn rekstrarkostnaður:

	Kr.
Laun verkamanna: 21 þús. klst. á kr. 300	6.300.000
Lyftarar útl. kostn.: 6000 klst. á kr. 300	1.800.000
Annar kostn. (rafmagn, vatn, hreinl. o. fl.)	800.000
Afskriftir:	Kr.
Kassar 20%	250.000
Lyftarar og annar bún. 15%	300.000
Skrifstofubúnaður 20%	100.000
	650.000
Beinn rekstrarkostn. samtals	9.550.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:	
Launakostnaður	4.200.000
Sími og talstöð	400.000
Annað	600.000
	5.200.000
Kostnaður samtals	14.750.000

Með sama hætti áætlast rekstrarkostnaður stærri markaðar þannig:

100 tonna markaður:	Kr. 19.000.000
240 tonna markaður:	Kr. 29.600.000

Út frá þessum rekstrarkostnaði má áætla hvert meðalverð á markaðinum þurfi að vera, til að fáist inn fyrir þeim kostnaði sem að framan er rakinn, þ. e. áður en kemur að greiðslu húsaleigu, vaxta, hagnaðar eða annars kostnaðar tengdum stofnun fiskmarkaðarins.

Samband afkastagetu, meðalnýtingar og meðalverðs á kíló af fiski.

250 rekstrardagar á ári.

Afkastageta á dag	Meðal nýting afkastagetu	Kostn. við hvert kg sem fer um markaðinn	Meðalverð á kg sem þarf að fá miðað við 4% uppboðslaun
60 tonn	100% (60 tonn)	0,98	24,50
	90% (54 tonn)	1,09	27,25
	80% (48 tonn)	1,23	30,75
	70% (42 tonn)	1,40	35,00
	60% (36 tonn)	1,64	41,00
100 tonn	100% (100 tonn)	0,76	19,00
	90% (90 tonn)	0,84	21,00
	80% (80 tonn)	0,95	23,75
	79% (70 tonn)	1,09	27,25
	60% (60 tonn)	1,27	31,75
240 tonn	100% (240 tonn)	0,49	12,25
	90% (216 tonn)	0,55	13,75
	80% (192 tonn)	0,62	15,50
	70% (168 tonn)	0,70	17,50
	60% (144 tonn)	0,82	20,50

9. Rekstrarform.

Rætt hefur verið ítarlega um hvaða rekstrarform henti best til rekstrar á tilraunamarkaði með fisk. Þau atriði sem einkum koma til athugunar í þessu sambandi eru:

- Hvernig tryggja megi nauðsynleg fjárframlög til að standa undir stofnkostnaði.
- Hvernig best sé tryggt að aðhalds sé gætt í öllum rekstri.
- Hvernig tryggja megi að fyllstu óhlutrægni sé gætt í öllu starfi markaðarins.

Niðurstaða nefndarmanna eru sú, að leggja til að markaðurinn verði stofnaður og rekinn sem hlutafélag sem verði í eigu bæði kaupenda og seljenda ásamt hagsmunasamtökum þeirra og opinberra aðila. Við stofnun félagsins þarf og að gæta þess að fulltrúar framangreindra aðila eigi aðild að stjórn þess. Nefndin telur rétt að stefna að því að tilraunamarkaðurinn hafi a. m. k. 200—240 tonna afkastagetu á dag.

10. Hlutafjárútboð.

Nefndin hefur látið útbúa stofnsamþykktir fyrir hlutafélag um rekstur fiskmarkaðar á Faxaflóasvæðinu. Reiknað er með að almenn þátttaka um stofnun slíks félags náist meðal þeirra aðila sem stunda fiskveiðar og fiskvinnslu á þessu svæði, sem og frá hagsmunasamtökum þessara aðila. Að auki er reiknað með því, að hið opinbera leggi fram nokkurt hlutafé og það sveitarfélag þar sem markaðurinn verður staðsettur leggi og fram hlutafé, auk þess að leggja til húsnæði og aðra aðstöðu fyrir tilraunamarkaðinn í upphafi.

Eftirfarandi skipting hlutafjár er vísbending um hvernig nefndarmenn hafa hugsað sér að samsetning hlutafjár gæti orðið:

40 málsaðilar hver með kr. 200.000	8.000.000
30 einstaklingar hver með kr. 25.000	750.000
Opinberir aðilar	1.000.000
Sveitarfélag	1.000.000
Hagsmunasamtök	2.000.000
Samtals hlutafjáröfnun	<u>12.750.000</u>

11. Lagaleg vandamál.

Ekki er fyrirséð er þetta plagg er tekið saman að lagabókstafir komi í veg fyrir að fiskmarkaður verði rekinn með því sniði sem hér hefur verið lýst. Sjávarútvegsráðuneytið vinnur nú að hönnun á þeim lögum sem hugsanlega þyrfti að breyta til þess að reka megi fiskmarkað.

Þeirri vinnu er ekki lokið, en fyrir liggur ákvörðun sjávarútvegsráðherra um að hann muni beita sér fyrir breytingu á þeim lögum sem hugsanlega kynnu að standa í vegi fyrir rekstri á uppboðsmarkaði með fisk, ef aðrir málsaðilar eru tilbúnir til að standa að stofnun slíks markaðar.

Reykjavík, september 1986.

Óskar Vigfússon.
Guðjón A. Kristjánsson.
Ríkhart Jónsson.

Halldór Árnason.
Ágúst Einarsson.
Gísli Jón Hermannsson.

Gunnlaugur M. Sigmundsson.